

Setningafræðilegar breytingar í íslensku

Eiríkur Rögnvaldsson

0. Inngangur

Það er allútbreidd skoðun að setningagerð íslensku hafi breyst tiltölulega lítið undanfarin þúsund ár, og vissulega getum við fyrirhafnarlítið komist í gegnum Íslendingasögurnar og aðra forna frásagnartexta. Það eru helst einstök orð sem vefjast fyrir okkur, en við áttum okkur oftast á því hvernig orðin og setningarliðirnir hanga saman. Þrjú setningafræðileg atriði sem frábrugðin eru nútímamáli stinga þó fljótt í augu við lestur fornsagna; þau koma öll fram hér:

- (1) Eg má muna Eirík konung hinn sigursæla og **var eg** með honum í mörgum herförum. **Jók hann** ríki Svía en **varði** harðfenglega. **Var oss gott við hann ráðum að koma.** (*Ólafs saga helga*, s. 331)

Fyrsta atriðið er innbyrðis röð frumlags og sagnar — einkum svonefnd **frásagnarumröðun**, þ.e. staða sagnar í fyrsta sæti setninga á undan frumlagi (sögn – frumlag, SF, þ.e. **var eg**, **jók hann**, **var oss**). Annað atriðið er orðaröð í sagnlið — einkum röð sagna í fallháttum (nafnhætti og lýsingarhætti þátíðar) og fylliliða þeirra (andlaga og forsetningarliða) (*við hann ráðum að koma*). Þriðja atriðið er svo eyður eða **núlliðir** — setningar þar sem nafnlið er sleppt vegna samvísunar við annan nafnlið í undanfarandi setningu (andlagi er sleppt á eftir *varði* vegna þess að það vísar til andlagsins *ríki Svía*).

Þessi atriði eru vel þekkt, en margt fleira hefur breyst þegar að er gáð. Það er þó ekki hlaupið að því að gera ítarlega grein fyrir þeim breytingum því að setningafræði hefur verið vanrækt svið innan íslenskrar málsögu, eins og vel má sjá á kennslubókum og yfirlitsritum (Sölvi Sveinsson 1991, Stefán Karlsson 1989, Veturliði Óskarsson 2001). Talsvert hefur verið skrifað um hljóðbreytingar og sögu hljóðkerfisins, allnokkuð um breytingar á beygingum, en rannsóknir á setningafræðilegum breytingum frá forn máli til nútímamáls eru fáskrúðugar. Skýringar á því eru ýmsar, m.a. tvö meginvandamál sögulegrar málfræði sem torvelda rannsóknir á setningafræðilegum breytingum meira en rannsóknir á breytingum í hljóðkerfi og beygingarkerfi. Annað vandamálið er val heimilda, eða öllu heldur skortur á hentugum heimildum, og hitt er túlkun heimildanna (sjá Eirík Rögnvaldsson 1998).

Það er að vísu ekki hægt að kvarta undan skorti á íslenskum prósatextum frá ýmsum tímum. Þeir henta hins vegar fæstir sérlega vel til rannsókna á setningafræðilegum breytingum. Engar fornsögur eru varðveittar í frumriti; handrit þeirra eru öll áratugum eða öldum yngri en sagan sjálf. Aldur handritanna er oft óljós, en jafnvel þótt hægt sé að tímasetja sum handrit af sæmilegri nákvæmni er erfitt að skera úr því hvaða málstig þau sýna. Sumt í stafsetningu, beygingum og setningagerð þeirra getur borið merki ritunartímans, en annað getur verið komið úr forritinu og sýnt málstig sem er nokkrum áratugum eða öldum eldra. Því getur verið mjög erfitt að tímasetja einstakar breytingar.

Eðli textanna skiptir líka meira máli við setningafræðilegar athuganir en t.d. hljóðfræðilegar eða beygingarlegar. Þar skal aðeins nefna tvennt. Annars vegar áhrif erlends forrits á þýdda texta; orðaröð og önnur setningafræðileg einkenni úr frumtexta hafa iðulega áhrif á setningagerð þýðingarinnar. Hins vegar stíltegund textanna; orðaröð og ýmislegt fleira er iðulega breytilegt eftir stíl. Okkur hættir til að bera saman málfar ritaðra texta frá fyrri öldum og talmál nútímans. Þá verður að hafa í huga að í nútímamáli a.m.k. er verulegur munur á talmáli og ritmáli (sjá Ara Pál Kristinsson (væntanl.)) og því hlýtur slíkur samanburður alltaf að sýna fleiri og meiri breytingar en í raun hafa orðið. En jafnvel þótt við notum nútímaritnám til samanburðar við forntexta getur það verið villandi, því að í nútímamáli eru textategundir margfalt fjölbreyttari en varðveittir textar frá fyrri öldum.

Þess vegna er nauðsynlegt að gæta þess að bera saman það sem sambærilegt er, en það er þó hægara sagt en gert. Það er mjög misjafnt hvað til er af rituðu máli frá hverjum tíma í málsögunni, og oftast er ekki verið að taka það sem býðst. Frá sumum tímum eru t.d. aðallega til formleg bréf sem eru mjög förmúlukennd og erfitt að byggja setningafræðilega greiningu á þeim. Um 1800 fara hins vegar að koma til sendibréf sem eru mun óformlegri en flestir eldri textar sem varðveittir eru. Í þessum bréfum koma fram ýmsar nýjungar sem erfitt er að meta; er þar um að ræða breytingar sem voru að gerast á þessum tíma, eða eru þetta atriði sem voru rótgróin í málinu en komu ekki fram í þeim textategundum sem varðveittar eru frá eldri tímum? Um það er erfitt að segja.

Hér á eftir verður dregið á helstu atriði sem hafa breyst í íslenskri setningagerð frá formáli til nútímans, og tekin dæmi um breytingarnar. Flestum þessara atriða eru gerð nokkur skil hjá Nygaard (1905) og Jakobi Jóh. Smára (1920). Sumar breytinganna hafa verið rannsakaðar ítarlega og skrifað um þær, og er vísað í þá umfjöllun til frekari fróðleiks. Aðrar hafa lítt eða ekki verið kannaðar, og bíða áhugasamra fræðimanna framtíðarinnar. Á eftir þessari yfirferð er síðan fjallað ítarlegar um þrjú atriði sem helst einkenna forna texta í samanburði við nútímamál, og sýnd eru í (1) hér að framan.

1. Yfirlit um breytingar

1.1 Röð frumlags og sagnar

1.1.1 Frásagnarumröðun

Eitt sterkasta einkenni forníslenskra texta er hinn mikli fjöldi setninga sem hefjast á sögninni, eins og (2a-c). Þessi orðaröð er sérlega áberandi í frásagnartextum og hefur því verið nefnd frásagnarumröðun. Halldór Ármann Sigurðsson (1994) hefur kannað hana ítarlega og komist að þeirri niðurstöðu að hér sé fremur um stíleinkenni að ræða en málbreytingu; ef sambærilegir nútímamálstextar eru skoðaðir er þessi röð einnig algeng þar. Röðin er reyndar einnig algeng í ýmiss konar fræðslutextum og fréttum, sbr. (2d-f).

- (2) a. **Sér Grettir** þá að hann hefir ekki afl við þessum manni. (*Grettis saga Ásmundarsonar*, s. 1038)
- b. Nú finnast þeir feðgar og **var Oddur** þá alþúinn til hafs. (*Bandamanna saga*, s. 23)
- c. Ólafur konungur gaf Þórði viðarfarm á skip og **fór Þórður** út hingað og heim til bús síns. (*Bjarnar saga Hítðælakappa*, s. 85)

- d. Ekki var tiltækur lögreglumaður á vakt á Seyðisfirði og því þurfti að kalla til lögreglu frá Egilsstöðum og **segir lögreglan** þar, að um hafi verið að ræða einstakt tilvik. (*mbl.is* 31. ágúst 2004)
- e. Samkvæmt heimildum Morgunblaðsins hefur verið gengið frá ráðningu Svanhildar yfir á Stöð 2. **Mun hún** starfa í þættinum Íslandi í dag (*mbl.is* 1. sept. 2004)
- f. Safnahús Þjóðminjasafnsins við Suðurgötu var opnað við hátíðlega athöfn nú á sjötta tímanum eftir endurbætur sem staðið hafa yfir frá árinu 1997. **Opnaði Davíð Oddsson forsætisráðherra** safnið formlega og **var** það fyrsta embættisverk hans eftir að hann lagðist inn á sjúkrahús vegna veikinda. (*mbl.is* 1. sept. 2004)

1.1.2 Umröðun á eftir *en* og *eða*

Í nútímamáli er ævinlega FS-röð (frumlag – sögn) á eftir aðaltengingunum *en* og *eða*. Í fornu máli er að finna eitthvað af dæmum um röðina sögn – frumlag á eftir þessum tengingum, eins og sést í (3). Umröðun á eftir *en* er þó sjaldgæf en virðist einkum bundin við sagnir þar sem frumlagið er skynjandi (sjá Eirík Rögnvaldsson 1991).

- (3)
 - a. **en vil eg** segja yður hvað eg vil af yður. (*Bárðar saga Snæfellsáss*, s. 69)
 - b. En **vita það** allir menn að mig og mitt fólk skortir aldrei mat. (*Bandamanna saga*, s. 21)
 - c. enda er þá eigi övænt að þeygi lesi eg vel eða minn maki ef sá finnst eða **ráði eg** vel að líkindum. (*Fyrsta málfræðiritgerðin*)

1.1.3 Stílfærsla

Stílfærsla er mjög algeng í fornu máli. Flest dæmi um hana gætu einnig gengið í nútímamáli (sjá 14.4.3), en í fornu máli er þó fjöldi dæma um stílfærslu án frumlagseyðu, eins og sést í (4). Ef við lítum svo á að stílfærsla sé sú aðgerð sem færir "hausu" á við sagnir (í fallhætti), agnir og forsetningar en ekki "stórliði" (nafnlið, forsetningarlið) er hún bundin við setningar með einhvers konar frumlagseyðu (sjá Maling 1980). Dæmi eru um færslu nafnháttar (4a), lýsingarháttar þátíðar (4b), agnar (4c) og forsetningar (4d).

- (4)
 - a. **Vita skyldir þú** fyrst hvað þú vildir. (*Gunnlaugs saga ormstungu*, s. 1172)
 - b. **Komið hefi eg** nú eldi á Þverárland. (*Víga-Glúms saga*, s. 1945)
 - c. **Niður hefi eg** lagt sund. (*Kormáks saga*, s. 1487)
 - d. **Á höfðu þeir** unnið fleirum mönnum. (*Þórðar saga kakala*, s. 496)

1.1.4 Boðháttur

Í fornu máli kemur fyrir boðháttur án umröðunar, eins og sést í (5a-d); aðallega eða eingöngu á eftir *en*. Einnig má finna dæmi um boðhátt í aukasetningum, eins og í (5e-h); þá er ekki heldur umröðun. Hvorugt getur gengið í nútímamáli (sjá Eirík Rögnvaldsson 2000).

- (5)
 - a. En **þú lát** sem þú vitir eigi. (*Íslendinga saga*, s. 247)
 - b. en **þú mæl** eftir þræla mína. (*Eyrbyggja saga*, s. 575)
 - c. Þenna grip vil eg hafa til míns bús en **þú haf** annað fé í móti. (*Þorsteins saga Síðu-Hallssonar*, s. 2063)

- d. En **þú kom** til mín Hrafn þá er þér líkar og tími er til. (*Hrafns saga Sveinbjarnarsonar*, s. 2160)
- e. að **þú finn** Helga Ásbjarnarson. (*Droplaugarsona saga*, s. 356)
- f. að **þú seg** mér til Gísla. (*Gísla saga Súrssonar*, s. 890)
- g. að **þú gakk** á hólmi við mig á morgun (*Kjalnesinga saga*, s. 1450)
- h. að **þú ver** með mér þar til er lýkur málum þessum á nokkurn hátt. (*Eyrbyggja saga*, s. 557)

1.2 Staða sagnar í persónuhætti

1.2.1 Sögn í persónuhætti aftast í setningu

Sagnir í persónuhætti standa aftast í setningu, á eftir fylliliðum sínum (fallháttum, andlögum, forsetningarliðum) í ýmsum ritum frá 16. og 17. öld a.m.k., eins og dæmin hér að neðan sýna (sjá Jakob Jóh. Smára 1920:261). Þarna er væntanlega um erlend áhrif að ræða, ekki síst lágbýsk, enda gætir þessa ekki síst í þýðingum og eingöngu í aukasetningum, eins og í þýsku. Þessi orðaröð kemur hvorki fyrir í fornu máli né nútímamáli.

- (6) a. að alltið hér eftir svo þar með haldast **skal**. (17. öld)
- b. sem ég sýslumanninum Magnúsi Magnússyni **sendi** með opnu bréfi. (17. öld)
- c. að hann engri annarri konu unnað **gæti**. (17. öld)
- d. hvað mér síðar í Nýja Testamentinu að miklu gagni **kom**. (18. öld)

1.2.2 Atviksorð í öðru sæti milli frumlags og sagnar (sögn í þriðja sæti)

Í seinni alda máli standa atviksorð stundum í öðru sæti aukasetninga, milli frumlags og sagnar, eins og í (7a-c) (sjá Ásgrím Angantýsson 2001). Þetta gætu í einhverjum tilvikum verið erlend áhrif, enda er þetta eðlileg aukasetningaorðaröð t.d. í dönsku. Þessi orðaröð kom ekki fyrir í fornu máli, en bregður hins vegar oft fyrir í nútímamáli þótt hún sé sjaldgæfari en áður. Í nútímamáli, einkum talmáli, standa atviksorð einnig stundum milli frumlags og sagnar í aðalsetningum (sjá t.d. Halldór Ármann Sigurðsson 1986, Eirík Rögnvaldsson og Höskuld Þráinsson 1990). Það eru þó annars konar atviksorð; einkum þau sem fela í sér einhvers konar mat mælandans á setningunni, sbr. (7d-e).

- (7) a. og guð tek ég til vitnis, að ég **aldrei** gleymi því. (19m)
- b. og gaf honum inn einhver meðul, sem Ólafur **ekki** þekkti. (19s)
- c. mundi fara til baka fyrst ég **ekki** gæti komist á þann bæ. (20s)
- d. Ég **náttúrlega** get ekkert um þetta sagt.
- e. Hann **líklega** hefur ekki áttað sig á þessu.

1.3 Sagnliður

1.3.1 Tilvist sagnliðar

Nýlega hefur því verið haldið fram (Faarlund 1990) að sagnliður (og jafnvel nafnliður og forsetningarliður líka) hafi ekki verið til sem heild í fornu máli. Því til staðfestingar hefur m.a. verið bent á fjölbreytta orðaröð á eftir sögn í persónuhætti, sbr. (9)-(10) hér á eftir. Það virðast þó koma fyrir dæmi þar sem vísað er til sagnliðar með *gerði það*, sem yfirleitt hefur verið talið röksemd fyrir einingu liðarins (sjá Eirík Rögnvaldsson 1995).

- (8) a. Ingólfur segir: Vann hann á Þormóði Bersasyni?
Gríma segir: Sjá hinn sami **gerði það**. (*Fóstbræðra saga*, s. 798)
- b. Þórir hvarf aftur og **gerði það** að ráði Þorgils. (*Þorsteins saga hvíta*, s. 2057)
- c. hann kom hér að óbyggðu landi og byggði fyrstur landið;
gerðu það aðrir landnámsmenn eftir hans dæmum. (*Landnámabók*, s. 46)

1.3.2 Röð fallháttarsagna og fylliliða

Orðaröð í sagnlið í fornu máli er mjög fjölbreytt, eins og (9) gefur vísbendingu um; auk nútímamálsorðaraðarinnar í (9a) koma flest önnur hugsanleg mynstur fram (Eiríkur Rögnvaldsson 1994–95). Þessi breytileiki helst fram á fyrri hluta 19. aldar (Þorbjörg Hróarsdóttir 1998).

- (9) a. Lýtingur af Sámsstöðum **mun hafa vegið hann og bræður hans**. (*Brennu-Njáls saga*, s. 243)
- b. En ekki mun eg **þenna mann séð hafa**. (*Laxdæla saga*, s. 1632)
- c. Þorgils hafði **gefin verið öxi góð**. (*Þorgils saga og Haflíða*, s. 25)
- d. Þykir mér þeir **illan mann hafa til fengið**. (*Harðar saga og Hólmverja*, s. 1289)

1.3.3 Staða agna

Staða agna miðað við andlög og fallhætti sagna er einnig fjölbreytileg í fornu máli, eins og (10) sýnir (Eiríkur Rögnvaldsson 1994–95). Væntanlega halda agnir áfram að geta staðið á undan fallháttarsögn fram á 19. öld.

- (10) a. Nú hafði einn þeirra Skrælingja **tekið upp öxi eina**. (*Grænlandinga saga*, s. 1106)
- b. Þar mundi eg **hafa gefið þér upp eina sök**. (*Hrafnkels saga Freysgoða*, s. 1400)
- c. Hvenær skaltu **upp taka slíkan ágætisgrip?** (*Laxdæla saga*, s. 1608)
- d. Þeir kváðust aldrei **vilja sína eigu upp gefa**. (*Sturlu saga*, s. 97)

1.3.4 Röð agna og forsetninga

Í sambandi agnar og forsetningar stendur ögnin jafnan á undan í nútímamáli. Í fornu máli er hins vegar algengt að forsetningin standi á undan, eins og sést í (11) (sjá Margréti Guðmundsdóttur 1992). Þetta er þó bundið við það að forsetningin taki ekki með sér fallorð; ef það fylgir með er röðin eins og í nútímamáli. Dæmi um hvort tveggja sjást í (11c), þar sem fyrst er *upp á melbakkann*; síðan er nafnorðinu sleppt úr seinni setningunni vegna samvísunar og þá er röðin *á upp*.

- (11) a. Lagði hann þar **í niður** sneiðirnar. (*Brennu-Njáls saga*, s. 182)
- b. Þá gerði Þrándur stígandi skeið að veggnum og hljóp svo langt **í upp** að hann fékk krækt öxi sinni á virkið. (*Eyrbyggja saga*, s. 616)
- c. Hallkell hleypur þá **upp á** melbakkann og kemst eigi **á upp** annan veg en hann skýtur niður knjánum. (*Brennu-Njáls saga*, s. 244)

1.4 Nafnliðir

1.4.1 Gerð nafnliða

Lýsingarorð virðast hafa staðið á eftir nafnorði oftast en þau gera nú, eins og dæmi sjást um í (12a-e). Þarna gildir þó ekki sama um öll lýsingarorð, en ítarlegar rannsóknir hafa ekki verið gerðar á þessu atriði. Ábendingarfornöfn standa einnig oft á eftir nafnorði, eins og í (12f-g), en rannsóknir vantar einnig á því hvernig ábendingarfornöfn og óákveðin fornöfn geta raðast í nafnlið.

- (12) a. Ófeigur var **spekingur mikill** og hinn mesti ráðagerðamaður. (*Bandamanna saga*, s. 1)
b. Hann átti **son roskinn**. (*Egils saga Skallagrímssonar*, s. 423)
c. Hann var **maður mikill og sterkur** og **bogmaður góður**. (*Ljósvetninga saga*, s. 1688)
d. Þórarinn á Espihóli var **maður vitur og vinsæll**. (*Víga-Glúms saga*, s. 1912)
e. Hann var **mikill maður og sterkur, drengur góður** og öruggur í öllu. (*Brennu-Njáls saga*, s. 147)
f. **Maður sá** er bæ þann átti var ríkur og auðigur. (*Egils saga Skallagrímssonar*, s. 423)
g. En eg skal fá ykkur til fylgdar **mann þann** er Steinn heitir. (*Hallfreðar saga vandræðaskálds*, s. 1225)

1.4.2 Þágufall með nafnorði

Nafnorð stýra venjulega eignarfalli ef þau taka með sér önnur nafnorð á annað borð. Ákveðinn flokkur nafnorða getur þó stýrt þágufalli; það eru einkum orð sem tákna líkamshluta o.þ.h., sbr. (13) (sjá Kristínu Bjarnadóttur 1990). Þetta er einnig bundið við það að nafnorðið sem stýrir fallinu sé sjálft fallorð forsetningar. Mörg slík sambönd geta komið fyrir í nútímamáli, en eru þó mun takmarkaðri og sjaldgæfari en að fornu.

- (13) a. Oddur kveðst eigi mundu **honum í hendur** fá. (*Bandamanna saga*, s. 4)
b. Hann bað Eyjólf hlaupa **á bak hestinum** og ríða í fjallið sem skjótast. (*Þórðar saga kakala*, s. 494)
c. Þá kemur æðra **í brjóst Þorkeli** og dattaði hjarta hans við. (*Fóstbræðra saga*, s. 787)
d. Þá hjó Þormóður **meðal herða honum** svo að öxin sökk að skafti. (*Fóstbræðra saga*, s. 828)

1.4.3 Óákveðinn greinir

Í eldra máli kemur stundum fyrir að orðið *einn* sé notað á svipaðan hátt og óákveðinn greinir. Óljóst er um upphaf þessarar notkunar, og hve lengi hún stendur. Könnun á því er þó ýmsum vandkvæðum bundin, m.a. vegna þess að oft er túlkunaratriði hvort *einn* er töluorð eða greinir.

- (14) a. **Einn maður** fór og vildi hreinsa víngarð sinn. (14. öld)
b. Það var **einn mann** í Englandi sem fleiri aðrir. (um 1500)
c. Og sem veislan er sett og allir eru komnir í sitt sæti, kemur inn **einn maður** ókenndur og sest niður og er heldur fögur. (um 1500)

- d. **Einn maður** var sá er hét Appróbus. (16s)
- e. Svo vildi til, **einn maður** kom þar, náungi móður minnar. (18s)

1.4.4 Nafnliðaeyður

Í fornu máli er hægt að sleppa ýmsum nafnliðum sem eiga sér samvísandi undanfara, sem þarf ekki að gegna sama hlutverki, sbr. (15a-d). Einnig koma fyrir eyður án undanfara, sbr. (15e-f) (sjá Þóru Björk Hjartardóttir 1993). Hvort tveggja virðist hverfa í byrjun 19. aldar (Þorbjörg Hróarsdóttir 1998).

- (15) a. Og er þeir vissu ætt hans; góða en ___i var vinsæll sjálfur þá hætta þeir til þess að eiga að honum. (*Bandamanna saga*, s. 1)
- b. „Vörn fannst í málinu,“ segja þeir, „og var ___i rangt til búid.“ (*Bandamanna saga*, s. 9)
- c. bað Finnbogi þá; ríða og kvað af sér hefja. Ríða ___i út á fellið og koma undir einn stein mikinn. (*Finnboga saga ramma*, s. 633)
- d. en Egill kippti að sér sverðinu hart og hjó til Önundar; og af ___i nær höfuðið. (*Egils saga Skallagrímssonar*, s. 451)
- e. Eitthvert sinn þá er Ólafur konungur hafði stefnu við lið sitt og við búendur og réðu ___ landráðum. (*Ólafs saga helga*, s. 309)
- f. hann þrífur hornin sinni hendi hvort og eigast ___ við lengi. (*Finnboga saga ramma*, s. 630)

1.5 Aukasetningar

1.5.1 Háttá- og tíðanotkun í aukasetningum

Í fornmáli eru framsöguháttur og viðtengingarháttur oft notaðir nokkuð á annan veg en í nútímamáli. Oft er t.d. notaður framsöguháttur í aukasetningum á eftir sögnum eins og *spyrja* og *segja*, eins og hér sést (sjá Jóhannes Gísla Jónsson 1987). Einnig er oft skipt frjálst milli nútíðar og þátíðar en í nútímamáli. Þetta sést hvorttveggja í (16).

- (16) a. Konungur spyr hvort það **var** Knúts konungs gjöf. (*Ólafs saga helga*, s. 472)
- c. Hann spyr hvort hún **léti** út bera. (*Finnboga saga ramma*, s. 629)
- d. Hann segir að hann **var** þar. (*Heiðarvíga saga*, s. 1384)
- e. En Kolbeinn segir að hann **var** þá búinn til ferðar þeirrar er hann vildi fyrir engan mun bregða. (*Þórðar saga kakala*, s. 514)
- f. Móðirin flutti sveininn til Hákonar jarls og segir að hann **var** faðirinn. (*Haraldar saga gráfelds*, s. 141)

1.5.2 Tilvísunarsetningar

Um tíma voru spurnarorð talsvert notuð sem tilvísunarfornöfn, og á eftir þeim fór þá iðulega *að*, *er* eða *eð*, eins og sést í (17) (sjá Björn Karel Þórólfsson 1925, Höskuld Þráinsson 1980). Þetta er orðið algengt á 14. öld og kemur enn fyrir á 19. öld, en virðist þá orðið sjaldgæft.

- (17) a. Geti þér þann kaleik drukkið, hvern að eg mun drekka. (*Nýja testamentið 1540*)
- b. einkum María sú er hét Magdalena, frá **hverri** er sjö djöflar höfðu út farið. (*Nýja testamentið 1540*)

- c. Úr ábreiðu þessari var gjörður hókull **hvör eð** var gefinn kirkjunni á Brjánslæk. (19. öld)

1.5.3 Aukafall með *hvað* í spurnarsetningum

Spurnarfornafnið *hvaða* kemur tæpast fyrir í fornu máli, þótt einstöku dæmi finnist í handritum, sbr. (18a). Þess í stað er notað spurnarfornafnið *hvað* með aukafalli, ýmist þágufalli (18b-c) eða eignarfalli (18d-e). Þessi notkun er alveg horfin á síðari öldum.

- (18) a. Settist ábóti þegar niður og segir biskup ábóta **hvaða efni** þar var talað. (*Porgils saga skarða*, s. 612)
b. **Hvað manni** þóttist þú vera? (*Sneglu-Halla þáttur*, s. 2226)
c. Spurði Skalla-Grímur **hvað mönnum** þeir væru. (*Egils saga Skallagrímssonar*, s. 408)
d. Hann gekk til hennar og spurði **hvað ráðs** hennar var. (*Ólafs saga Tryggvasonar*, s. 202)
e. **Hvað kvenna** ertu? (*Droplaugarsona saga*, s. 346)

1.5.4 Tengiorð spurnarsetninga

Í fornu máli koma *ef* og *nær* fyrir sem spurnartengingar, sbr. (19a-b), og *já/nei*-spurningar hefjast stundum á *hvort*, sbr. (19c). Íðulega fylgja *að*, *er* og *eð* spurnarorðum, sbr. tilvísunarsetningar; sjá (19d-e).

- (19) a. Nú kallar Borkur á hana og spyr **ef** Gísli væri í eyinni. (*Gísla saga Súrssonar*, s. 882)
b. Eigi veit eg nær þú þykist mikillar þurfa **ef** nú þarftu lítillar. (*Hávarðar saga Ísfirðings*, s. 1321)
c. **Hvort** er Önundur sjóni hér í þingbrekkunni? (*Egils saga Skallagrímssonar*, s. 509)
d. Þorkell bróðir Gísla gengur upp fyrir í hvílugólfið og sér **hvar að** skór Gísla liggja. (*Gísla saga Súrssonar*, s. 870)
e. en eigi veit eg **hvað er** þú ætlar nú til ráða að taka. (*Grettis saga Ásmundarsonar*, s. 1028)

1.5.5 Tengiorð orsakarsetninga

Ýmsar algengar orsakartengingar í fornu máli eru nú sjaldgæfar, s.s. *með því að* í (20a), *fyrir því að* í (20b), eða horfnar, eins og *alls* í (20c). Aðrar hafa komið inn á síðari öldum, eins og *úr því (að)* í (20d), *fyrst* í (20e), *sökum þess (að)* í (20f), og *vegna þess (að)* í (20g); og enn aðrar virðast hafa hagað sér öðruvísi að fornu en nú, eins og *af því að* í (20h), þar sem *því* er greinilega tilvísandi.

- (20) a. Þórður gellir sætti þá; og **með því að** hvorigir vildu láta af sínu máli, þá var völlurinn óheilagur af heiftarblóði. (*Landnáma*, s. 126)
b. En **fyrir því að** myrkur var mikið þá varð ekki skjótt um atgönguna. (*Ólafs saga helga*, s. 532)
c. En **alls** þeir vissu ætt hans góða og hann sjálfan vinsælan þá hættu þeir til að eiga að honum. (*Bandamanna saga*, s. 26)
d. Ég bað Finn að semja fyrir þig bænaskrá, **úr því** ekki kom önnur beinni frá þér en sú í fyrra. (19f)

- e. og því krafða ég sýslumanninn Magnús með ómjúkum orðum, **fyrst** ég sá að annað vildi ekki gilda. (17s)
- f. því bændur þar vestra voru fjölkunnugir og léku presta sína illa, **sökum þess** þeir settu ofan í við þá fyrir galdrana. (19s)
- g. Skoðum dæmið af garnspuninum nú fyrir skemmstu, hversu varð honum eigi á stuttum tíma fram gengt, á meðan garn var með tekið í höndlunina, einungis **vegna þess** hún gaf nokkuð í spunalaun. (18s)
- h. Þess spyr þú eigi **af því** móðir **að** eigi vitir þú áður. (*Laxdæla saga*, s. 1618)

1.6 Frumlag

1.6.1 Nafnliðafærslur

Því hefur stundum verið haldið fram að setningarleg þolmynd komi ekki fyrir í fornu máli, heldur eingöngu orðmyndunarleg (Dyvik 1980, Faarlund 1990). Dæmi þar sem gerandi er tiltekinn í forsetningarlið, eins og í (21a-b), og þar sem andlag aukasetningar verður að frumlagi aðalsetningar, eins og í (21c-e), sýna þó að þar er um nafnliðarfærslu að ræða. Einnig má finna skýr dæmi um frumlæga frumlagslyftingu, eins og í (21f-h).

- (21) a. Þá var hann beðinn **af vinum sínum** að staðfestast hér. (*Bandamanna saga*, s. 27)
- b. Þá var þetta kveðið **af einhverjum**. (*Porgils saga og Hafliða*, s. 22)
- c. Ekki er hann sagður mikilmenni. (*Reykðæla saga*, s. 1743)
- d. jöklar eru mjög miklir sagðir á Grænlandi. (*Grænlandinga saga*, s. 1098)
- e. Sá var honum sagður frændi Sörla. (*Íslendinga saga*, s. 256)
- f. **Árna** kvaðst það illt þykja. (*Svínfellinga saga*, s. 565)
- g. **Hrafni Oddssyni** kvaðst það vel líka. (*Íslendinga saga*, s. 666)
- h. En **henni** lést agasamlegt þykja og kvað eigi kvinna vist þar vera. (*Hákonar saga herðibreiðs*, s. 810)

1.6.2 Gervifrumlagið (leppurinn) það

„Gervifrumlagið“ eða leppurinn *það* hefur ekki verið talið koma fyrir í fornu máli (Faarlund 1990), en þó má finna þar dæmi sem eru nálægt því, eins og (22a) (sjá Eirík Rögnvaldsson 2002). Elstu öruggu dæmin eru frá því um 1500, eins og (22b), en síðan er talsvert af dæmum af ýmsu tagi í *Nýja testamenti* Odds frá 1540, sbr. (22c-e). Notkun merkingarsnauðs *það* virðist þó ekki hefjast að marki fyrr en snemma á 19. öld, en verður þá fljótt mikil (sjá Þorbjörgu Hróarsdóttur 1998).

- (22) a. **Það** var einn dag er Oddur sat yfir mat og Óspakur gegnt honum. (*Bandamanna saga*, s. 30)
- b. **Það** var einn mann í Englandi sem fleiri aðrir, þó frá þessum verði nú sagt heldur en öðrum. (um 1500)
- c. **Það** verður fint veður því að himinroði er. (*Nýja testamentið 1540*)
- d. Segið þér eigi sjálfir að **það** eru enn fjórir mánuðir til kornskurðartíma? (*Nýja testamentið 1540*)
- e. Elías var maður líka svo sem vér, og hann bað bænir að **það** skyldi eigi rigna, og það rigndi ekki yfir jörðina í þrjú ár og sex mánaði. (*Nýja testamentið 1540*)

1.6.3 Aukafallsfrumlög

Nú eru flestir sammála um að frumlög geti staðið í aukafalli í nútímamáli. Hins vegar hafa ýmsir haldið því fram að samsvarandi liðir hafi ekki verið frumlög í fornu máli (sjá t.d. Mørck 1992, Faarlund 1990, Kristoffersen 1994). Ýmis frumlagspróf virðast benda til að svo hafi verið, s.s. afturbeyging (23a-b), andlæg frumlagslyfting (23c-d), frumlæg frumlagslyfting (23e-f), og setningar með hjálparsögn (23g) (Eiríkur Rögnvaldsson 1991, 1997; sjá líka Jóhönnu Barðdal 2000, Jóhönnu Barðdal og Þórhall Eyþórsson 2003, Þórhall Eyþórsson og Jóhönnu Barðdal 2003).

- (23) a. En er hann sá bréf þetta virðist **honum**; það bréf fjörráð við **sig**. (*Íslendinga saga*, s. 352)
- b. Nú sýndist **Lofti**; **sér**; óvarlegt að sitja í Dýrafirði fyrir ófriði Þorvalds. (*Hrafns saga Sveinbjarnarsonar*, s. 232)
- c. **Gunnar**; sagði **sér**; það vera nær skapi. (*Brennu-Njáls saga*, s. 159)
- d. Auðun settist niður við árbakkann og kvaðst þyrsta. (*Þorgils saga skarða*, s. 705)
- e. En henni lést agasamlegt þykja og kvað eigi kvinna vist þar vera. (*Hákonar saga herðibreiðs*, s. 810)
- f. Þeim kvaðst þykja sér vandalaust að vísa af höndum öllum illmendum. (*Hrafns saga Sveinbjarnarsonar*, s. 2158)
- g. Skal þig hvorki skorta góða hesta né gangsilfur. (*Sturlu þáttur*, s. 768)

1.7 Fornöfn og tilvísun

1.7.1 Skammdræg afturbeyging

Skammdræg afturbeyging (þ.e. afturbeyging innan einfaldrar setningar) sem vísar til annars en frumlags virðist vera algengari í fornu máli en nú. Dæmi um hana eru sýnd hér. Í nútímamáli geta að vísu margir notað afturbeygt fornafn þegar undanfarinn er óbeint andlag, sbr. (24a-c). Aftur á móti virðist ótækt í nútímamáli að nota afturbeygt fornafn ef undanfarinn er inni í forsetningarlið, sbr. (24d) (sjá Friðrik Magnússon 1985).

- (24) a. Þetta kveld hið sama hafði smalamaður Hróðnýjar fundið Höskuld dauðan og fór heim og sagði **Hróðnýju**; víg sonar **síns**. (*Brennu-Njáls saga*, s. 243)
- b. Þá fór Kári inn til Hlaða á fund jarls og færði **honum**; skatta **sína**. (*Brennu-Njáls saga*, s. 231)
- c. Egill þakkaði **konungi**; orð **sín**. (*Egils saga Skallagrímssonar*, s. 440)
- d. Það er mér sagt að þú grípir fyrir **mönnum**; góss **sitt**. (*Grettis saga Ásmundarsonar*, s. 1039)

1.7.2 Langdræg afturbeyging

Talið hefur verið að langdræg afturbeyging, vísun úr undirskipaðri setningu í móðursetningu, hafi verið mjög sjaldgæf í fornu máli og fram á öld a.m.k. (sjá Nygaard 1905, Friðrik Magnússon 1985). Þó má finna talsvert af dæmum um hana í fornsögum, eins og sést hér:

- (25) a. Þá biður **hann**; húsfreyju að hún skipti hestum við **sig**. (*Gísla saga Súrssonar*, s. 873)

- b. Er **hann_i** sá að pilturinn var kominn í höggfæri við **sig_i**; þá reiddi hann hátt saxið. (*Grettis saga Ásmundarsonar*, s. 1028)
- c. svo að **hinir_i** máttu eigi sjá fyrir þrönginni hvað um **sig_i** var. (*Þorgils saga og Hafliða*, s. 38)
- d. því að **þeir_i** voru margir, að **sig_i** vissu að því sanna er Erlingi mundu þykja mjög sakbitnir. (*Magnúss saga Erlingssonar*, s. 826)
- e. **Kaupmenn_i** sögðu að **sér_i** væri ekki að borgnara hvað er verið hafði ef þá væri til einskis að taka. (*Grettis saga Ásmundarsonar*, s. 1014)

1.8 Ýmis sagnasambönd

1.8.1 Hjálparsagnir og sagnasambönd

Ýmsar breytingar hafa orðið á sagnakerfinu frá fornu máli. Þar má einkum nefna uppkomu nýrra sagnasambanda eins og *vera að* (öld, sjá Hrein Benediktsson 1976) og *vera búinn að* (17. öld, sjá Mörd Árnason 1977). Það fyrrnefnda verður til úr *vera að að*, sbr. (26a), þar sem hið fyrra *að* er forsetning, en í (26b) virðist nútímanotkunin komin til sögu. Síðarnefnda sambandið merkir í fornu máli ‘reiðubúinn’, eins og (26c) sýnir, en í (26d) hefur það greinilega fengið nútímamerkingu (sjá t.d. Wide 2002). Þá má nefna sambandið *geta hafa*, sem varla finnst fyrr en á 20. öld, sbr. (26e); og tilkomu *ætli* sem e.k. spurnarorðs, líklega á 19. öld, sbr. (26f).

- (26) a. Bar það saman og þá **var** Gunnar **að að segja** söguna en þeir Kári hlýddu til á meðan úti. (*Brennu-Njáls saga*, s. 336)
- b. Og sem hann kom í musterið, gengu til hans (sem hann **var að kenna**) prestahöfðingjar og öldungar lýðsins. (*Nýja testamentið 1540*)
- c. Þú hefir og enn fyrr tekið mig með valdi og **varst** þá **búinn að veita** mér bana. (*Hallfreðar saga vandræðaskálds*, s. 1236)
- d. Johnsen lærer **er búinn að eignast** son, sem heitir Bjarni. (19f)
- e. Hún hlýtur að hafa tekið hana því að enginn annar **getur hafa** gengið um herbergið. (20s)
- f. Hvað **ætli** komi til þess? (19f)

1.8.2 Beygður lýsingarháttur (sagnbót) á eftir *hafa*

Það er allalengt í fornum textum að lýsingarháttur þátíðar með sögninni *hafa* sambeygist andlagi, eins og í (27a-c) (sjá Barnes 1969). Þegar í fornu máli er þó einnig algengt að lýsingarhátturinn sé óbeygður og hvorugkynsmynd hans alltaf notuð með *hafa*. Stundum eru mismunandi myndir notaðar í tveimur handritum sömu sögu, sbr. (27b) og (27d), og stundum má sjá báðar myndir hlið við hlið í einu og sama handriti, sbr. (27e). Setningar með beygðu myndinni hverfa þó snemma úr málinu.

- (27) a. Þá kvað Gunnlaugur drápuna er hann **hafði orta** um Ólaf konung. (*Gunnlaugs saga ormstungu*, s. 1180)
- b. **Hefi** eg þig **reyndan** að góðum dreng. (*Hallfreðar saga vandræðaskálds*, s. 1245)
- c. Hann var með Knúti konungi hinum ríka og **hafði ort** um hann flokk. (*Ólafs saga helga*, s. 477)
- d. **Hefi** eg þig **reynt** að góðum dreng. (*Hallfreðar saga vandræðaskálds*, s. 1212)

- e. að þeir þræti um hvort Vésteinn **hefði átt** eftir dætur einar eða **hefði** hann **áttan** son nokkurn. (*Gísla saga Súrssonar*, s. 886)

Vitanlega mætti tína til mun fleiri dæmi um setningafræðilegar breytingar, en hér hefur þó verið dregið á flest það sem helst stingur í augu við lestur eldri íslenskra texta. Í næsta kafla eru nokkrum þessara atriða svo gerð frekari skil.

2. Röð frumlags og sagnar

2.1 Frásagnarumröðun

Enginn vafi leikur á því að FSA (frumlag–sögn–andlag) er grundvallarorðaröð nútímamáls. Mismunandi skoðanir hafa hins vegar komið fram á því hver hafi verið grundvallarröð eða algengasta röð helstu setningarliða í fornu máli. Þegar forníslenskir textar eru skoðaðir verður nefnilega fljótt ljóst að röð orða og setningarliða er þar allmiklu fjölbreytilegri en í nútímamáli, og ýmis orðaraðartilbrigði sem koma fyrir í fornmáli eru ótæk í nútímamáli. Um upphaf setninga gildir þó bæði að fornu og nýju sú meginregla að sögn í persónuhætti er annaðhvort í fyrsta eða öðru sæti. Á undan henni getur í mesta lagi staðið einn setningarliður. Setningar eins og (28a-d) eru því tækar bæði að fornu og nýju, en (28e-h) ótækar, eins og stjörnumerkingin á að sýna:

- (28) a. Þeir *drápu* Sölva konung. (*Ynglinga saga*, s. 43)
b. Síðan drápu þeir hann. (*Ljósvetninga saga*, s. 1688)
c. Einn *drápu* þeir í kirkjugarðinum. (*Íslendinga saga*, s. 222)
d. *Drápu* þeir Þórir nokkura menn af þeim. (*Ólafs saga helga*, s. 306)
e. *Þeir hann *drápu* síðan.
f. *Hann þeir *drápu* síðan.
g. *Þeir síðan *drápu* hann.
h. *Þeir hann síðan *drápu*.

Ágreiningur um grundvallarorðaröð formáls hefur snúist um innbyrðis afstöðu frumlags og sagnar. Setningar eins og (29), þar sem sögnin er fremst í ótengdri setningu, og (30), þar sem sögnin er fremst á eftir aðaltengingu, eru mjög algengar að fornu og oft taldar eitt helsta einkenni sagnastílsins:

- (29) a. **Fer** Oddur nú utan og tekst vel hans ferð sem vandi hans var til. (*Bandamanna saga*, s. 4)
b. **Fór** Þorkell þar utan um vorið eftir. (*Droplaugarsona saga*, s. 367)
c. **Vill** hann ganga á hólmi við Björn. (*Gísla saga Súrssonar*, s. 852)
d. **Sér** Grettir þá að hann hefir ekki afl við þessum manni. (*Grettis saga Ásmundarsonar*, s. 1038)
e. **Kemur** nú upp öll þeirra ráðagerð, Ingjalds og Þórðar. (*Laxdæla saga*, s. 1553)
- (30) a. Nú finnast þeir feðgar og **var** Oddur þá alþúinn til hafs. (*Bandamanna saga*, s. 23)
b. Ólafur konungur gaf Þórði viðarfarm á skip og **fór** Þórður út hingað og heim til bús síns. (*Bjarnar saga Hítðælakappa*, s. 85)

- c. Hann mun enn hafa vanda sinn að blóta á laun og **hefir** hann líkneski Þórs í pungu sínum af tönn gert. (*Hallfreðar saga vandræðaskálds*, s. 1205)
- d. Í þann tíma var Hákon jarl yfir Noregi og **fór** Sölmundur til hans og mat jarl hann mikils. (*Ljósvetninga saga*, s. 1718)
- e. Eiríkur jarl fór þá til Upplanda og svo austur í ríki sitt og **fór** Vagn Ákason með honum. (*Ólafs saga Tryggvasonar*, s. 192)

Í ljósi þess hversu sterkan blæ slíkar setningar setja á forníslenska texta er ekki að undra að SF, þ.e. sögn – frumlag, hafi oft verið talin grundvallarorðaröð formmáls. Þetta var skoðun margra fræðimanna á 19. og 20. öld (sjá t.d. Heusler 1967). Aðrir hafa haldið því fram að raðirnar FS og SF hafi verið jafngildar (Kossuth 1978). En allt frá því á 19. öld hafa einnig margir fræðimenn haldið því fram að grundvallarorðaröð formmáls hafi verið FS, t.d. Nygaard (1900). Nygaard lagði áherslu á að í venjulegum fullyrðingarsetningum standi frumlagið fremst við hlutlausar (ómarkaðar) aðstæður, en undir sérstökum kringumstæðum geti aðrir liðir tekið fremsta sætið. Hann leggur áherslu á að ekki sé hægt að beita tölfræði til að ákvarða grundvallarorðaröð. Vel megi vera að sögnin standi álíka oft á undan frumlaginu og frumlagið á undan sögninni. Það breyti því hins vegar ekki að síðarnefnda röðin sé sú eðlilega, sem fram komi við hlutlausar aðstæður.

Margir hafa gert ráð fyrir því að SF-röð sé einkum notuð til að tákna einhvers konar framhald. Kossuth (1981) hefur t.d. haldið því fram að sú röð kæmi oftast nær ekki fram fyrr en í þriðju setningunni í einhvers konar samfellu. Þetta kemur fram í eftirfarandi dæmi sem sýnir samfelldan texta úr *Bandamanna sögu*:

- (31) a. Þar kemur að hann ræðst í flutningar norður til Stranda með farma og kaupir sér í ferju, aflar þá svo fjár.
- b. Nú græðir hann brátt fé þar til er hann á einn ferjuna og heldur nú svo milli Miðfjarðar og Stranda nokkur sumur.
- c. **Tekur hann** nú að hafa vel fé. (*Bandamanna saga*, s. 2-3)

Þótt út af þessu geti brugðið er a.m.k. ljóst að ekki er hægt að hefja frásögn, taka upp nýtt efni, með sögn fremst. Þetta er í góðu samræmi við þá skoðun Nygaards að sögnin geti eingöngu staðið fremst við sérstakar aðstæður. Því hefur þessi orðaröð á undanförunum árum yfirleitt verið nefnd **frásagnarumröðun** (e. *Narrative Inversion*, sbr. líka 14.2.2).

Þeir sem settu fram kenningar um röð frumlags og sagnar á 19. öld og fyrri hluta þeirrar 20. virðast yfirleitt hafa byggt kenningar sínar á tilfinningu frekar en talningum; a.m.k. birta þeir engar tölur um hlutfallslega tíðni mismunandi orðaraða.

Á undanförunum áratugum hafa hins vegar birst niðurstöðum úr nokkrum talningum á þessu sviði. Langviðamesta könnunin sem þar er um að ræða er sú sem Peter Hallberg gerði (1965). Hún var reyndar ekki gerð í setningafræðilegum tilgangi, heldur í tengslum við kenningar Hallbergs um höfunda ýmissa fornsagna. Eigi að síður hefur hún mikið setningafræðilegt gildi, þar eð efniviður höfundar er svo mikill. Í þessari könnun kom ótvírætt í ljós að sé miðað við tíðni hlýtur grundvallarorðaröð formmáls að teljast FS frekar en SF; hlutföllin eru u.þ.b. 7 á móti 3. Það er hins vegar athyglisvert hversu mikill munur er á milli texta hvað þetta varðar.

2.2 Eðli umröðunarinnar

Halldór Ármann Sigurðsson (1994) hefur gert ítarlega rannsókn á röð frumlags og sagnar í fornu máli, og borið saman við nútímamál. Meginniðurstöður hans voru þær að tíðni raðarinnar SF — frásagnarumröðunar — í ótengdum aðalsetningum væri aðeins tæpur þriðjungur af tíðni raðarinnar FS. Í tengdum aðalsetningum skipti meginmáli hver tengingin var. Umröðun á eftir og var mjög algeng, eða í um 90% tilvika. Það er eðlilegt ef fallist er á að hlutverk frásagnarumröðunar sé einkum að sýna samhengi í frásögn; tenging með og gefur til kynna að setningin sem þar kemur á eftir sé í eðlilegu framhaldi af því sem á undan er komið. Þessi skýring fær stoð af því að umröðun á eftir *en* er sárasjaldgæf í fornu máli (og kemur ekki fyrir í nútímamáli). Það sem fer á eftir *en* eru í einhverjum skilningi „óviðbúna“ upplýsingar, og því á frásagnarumröðun ekki við, þar sem henni er því aðeins beitt að um beint og eðlilegt framhald sé að ræða.

Hina lágu tíðni frásagnarumröðunar í aukasetningum vill Halldór (1985) aftur á móti skýra með því að umröðunin felist í færslu persónubeygðu sagnarinnar í tengibás (T). Slík færsla er hins vegar aðeins möguleg í aðalsetningum, vegna þess að í aukasetningum situr aukatenging venjulega í þessum bás. Eiríkur Rögnvaldsson og Höskuldur Þráinsson (1990) tengja hins vegar lága tíðni frásagnarumröðunar í aukasetningum við hlutverk umröðunarinnar en ekki við mismunandi stöðu sagnar. Væntanlega er óhætt að segja að frásagnarumröðun lúti bæði setningafræðilegum og merkingarlegum hömlum, sem spila saman á flókinn hátt.

Eins og áður hefur komið fram hefur það lengi verið almenn skoðun að SF-röð væri algengari í fornu máli en nú. Hitt er mönnum þó ljóst nú orðið, að frásagnarumröðun hefur ákveðið hlutverk, sem leiðir til þess að hún á betur við í þeim textum sem helst eru varðveittir frá fyrri öldum en í dæmigerðum nútímamálstextum. Til að setja undir þennan leka má reyna að finna nútímamálstexta sem eru sem sambærilegastir við fornsögurnar að stíl. Þá er vissulega að finna; það er til aragrúi ýmissa sagnaþátta frá þessari öld, þar sem efnistöð og stíll eru ekki ósvipuð því sem gerist í fornsögum. Nokkra slíka texta tók Halldór Ármann Sigurðsson (1994) einmitt til athugunar þegar hann var að skoða breytingar á orðaröð. Hann komst að þeim niðurstöðum að hvað varðar röð frumlags og sagnar hefðu ekki orðið marktækar breytingar síðan í forn máli, ef borin væru saman rit í sama stíl.

Halldór Ármann Sigurðsson (1994) fann aðeins tvö dæmi um umröðun á eftir aðaltengingunni *en*, í alls 428 *en*-setningum sem hann skoðaði. Það er vissulega rétt að slík dæmi eru mjög fátíð; en þau virðast þó ekki vera tilviljanakennd, heldur bundin við tiltekna sagnir, eða e.t.v. fremur sagnir af tilteknum merkingarflokki. Eftir því sem best verður séð eru það helst sagnir þar sem frumlagið er ekki gerandi; helst skynjandi eða reynandi (e. *experiencer*). Nokkur dæmi um það eru sýnd hér (sjá Eirík Rögnvaldsson 1990):

- (32) a. en **vil eg** segja yður hvað eg vil af yður. (*Bárðar saga Snæfellsáss*, s. 69)
b. En **veit eg** hvað þú munt þér ætla. (*Brennu-Njáls saga*, s. 323)
c. en **veit eg** hverjir gert hafa. (*Hallfreðar saga vandræðaskálds*, s. 1222)

Ef gert er ráð fyrir því að þau yfirborðsfrumlög sem ekki eru gerendur séu upprunnin í andlagssæti er hér strangt til tekið ekki um umröðun að ræða, heldur frekar það að viðkomandi liður er aldrei færður í frumlagssætið. Hvernig skýra skuli það er ekki ljóst að svo stöddu. Setningar af þessu tagi virðast alveg horfnar úr málinu, og er ekki heldur ljóst hvernig skýra beri það.

2.3 Kjarnafærsla og stílfærsla

Hér hefur eingöngu verið fjallað um stöðu frumlags og sagnar. En það eru auðvitað fleiri liðir sem geta staðið fremst í setningu. Hægt er að færa ýmsar tegundir forsetningarliða, atviksliða og nafnliða fremst með kjarnafærslu, rétt eins og í nútímamáli. Þetta er mjög algengt og óþarfi að tína til dæmi hér, enda virðast reglur um slíkar færslur í aðalsetningum vera mjög svipaðar nútímareglum. Í aukasetningum er röð liða í upphafi setningar miklu takmarkaðri, eins og í nútímamáli; sjaldgæft er að andlag sé fært þar fremst, en talsvert um atviks- og forsetningarliði:

- (33)
- a. Þess er getið að **um haustið** fara menn á fjall. (*Bandamanna saga*, s. 5)
 - b. Helgi segir til sín og sagði að **í móti** voru þeir Grjótgarður og Snækólfur. (*Brennu-Njáls saga*, s. 220)
 - c. Ef þú fylgir Kára illa þá skalt þú það vita að **aldrei** skalt þú koma í mína rekkju sinn síðan. (*Brennu-Njáls saga*, s. 329)
 - d. Gísli tekur þá klæðin af þeim annarri hendi en með annarri leggur hann í gegnum Þorgrím með Grásíðu svo að **í beðinum** nam stað. (*Gísla saga Súrssonar*, s. 869)
 - e. og munum við lemjast allir ef **á okkur** kemur slíkt grjót. (*Gísla saga Súrssonar*, s. 944)

Einstöku dæmi eru um það í aukasetningum að atviks- eða forsetningarliður virðist færður fram fyrir aukatengingu. Í öllum tilvikum er um að ræða tímaákvörðun sem stæði á eðlilegum stað ef hún ætti við aðalsetninguna. Út frá merkingunni virðist hins vegar ljóst að hún hlýtur að eiga við aukasetninguna. Slík dæmi eru ekki til í nútímamáli, en ef kjarnafærðir liðir eru færðir í ákvæðisliðarpláss tengiliðar hefði kannski mátt búast við því að þau kæmu fyrir — a.m.k. ætti plássið að vera fyrir hendi!

- (34)
- a. Frá því er sagt **eitthvert sinn um veturinn** að menn sátu í heimilishúsi þar í Brattahlíð. (*Flóamanna saga*, s. 755)
 - b. Nú er þar til máls að taka **um vorið** að Börkur fer til Þorskafjarðarþings með fjölmenni og ætlar að hitta vini sína. (*Gísla saga Súrssonar*, s. 885)
 - c. Það var sagt **um haustið** að Illugi reið heiman af Gilsbakka með þrjá tigu manna og kom til Mosfells snemma morguns. (*Gunnlaugs saga ormstungu*, s. 1192)
 - d. Það er sagt **um sumarið** að Ólafur er óslyngur við allt sem hann átti að gera enda þiggur Már illa. (*Þorgils saga og Haflíða*, s. 10)

Engin dæmi finnast um að andlög, eða aðrir atviks- og forsetningarliðir en tímaákvörðanir, standi á þennan hátt framan við aukatengingu.

Í nútímamáli er venja að gera mun á tveimur reglum sem færa orð eða liði fremst í setningu. Annars vegar er **kjarnafærsla** (e. *topicalization*), en hins vegar **stílfærsla** (e. *stylistic inversion, stylistic fronting*). Mikið hefur verið skrifað um þessar reglur og einkenni hvorrar um sig (sjá t.d. Maling 1980, Eirík Rögnvaldsson 1990a, Eirík Rögnvaldsson og Höskuld Þráinsson 1990, Jóhannes Gísla Jónsson 1991 o.fl.). Hér skulu nefnd tvö atriði sem einkum eru talin greina á milli. Annars vegar er það að kjarnafærsla færi „stórliði“, þ.e. nafnliði (t.d. andlög), atviksliði og forsetningarliði, en stílfærsla einkum „hausá“, þ.e. fallhætti sagna (lýsingarhætti og nafnhætti) og agnir. Hins vegar er venjulega gert ráð fyrir því að stílfærslu sé aðeins hægt að beita í

setningum með **frumlagseyðu** (e. *subject gap*); þ.e. setningum sem annaðhvort hafa ekkert (yfirborðs)frumlag eða þar sem frumlagið er óákveðið og stendur því ekki í hinu venjulega frumlagssæti. Kjarnafærsla þarfnast hins vegar engrar slíkrar eyðu.

Í fornu máli er hins vegar hægt að færa fallhætti, agnir og jafnvel forsetningar fremst í setningu þótt ákveðið frumlag sé til staðar, eins og nefnt var í yfirlitinu hér á undan. Þetta sést vel í eftirfarandi setningum:

- (35) Lýsingarháttur þátíðar fremst í setningu:
- Átt** hefir Hrútur hina þriðju konu. (*Laxdæla saga*, s. 1559)
 - Látið** hefi eg nú meira. (*Ólafs saga helga*, s. 537)
 - Kominn** var Ófeigur til þings. (*Ljósvetninga saga*, s. 1658)
- (36) Nafnháttur fremst í setningu:
- Hafa** skal eg ráð Ólafs konungs. (*Hallfreðar saga vandræðaskálds*, s. 1217)
 - Fara** skaltu í sumar út til Íslands því að eg sé að hugir þínir standa til þess mjög. (*Laxdæla saga*, s. 1565)
 - Vita** þóttist hann að þar mundi vera Þorgerður dóttir Egils. (*Laxdæla saga*, s. 1568)
- (37) Ögn fremst í setningu:
- Til** mun eg ráða ef þú kemur honum í málið. (*Bandamanna saga*, s. 40)
 - Upp** stendur hann og kenndi að hann var laus. (*Magnússona saga*, s. 744)
 - Niður** hefi eg lagt sund. (*Kormáks saga*, s. 1487)
- (38) Forsetning fremst í setningu:
- Á** mun eg gera kosti að þér séuð hér til fjórða dags jóla. (*Bjarnar saga Hítðelakappa*, s. 110)
 - Á** höfðu þeir unnið fleirum mönnum. (*Þórðar saga kakala*, s. 496)
 - Við** hefir Steingrímur enn leitað að þvo af sér svívirðinguna. (*Reykðæla saga*, s. 1757)

Færsla fallháttar af þessu tagi (a.m.k. lýsingarháttar þátíðar) getur komið fyrir í formlegum stíl í nútímaritmáli. Færsla agna og forsetninga er hins vegar alveg ótæk í nútímamáli.

Ekki skal hér fullyrt í hverju munur formmáls og nútímamáls felist. Í fljótu bragði er hægt að hugsa sér tvennt; annars vegar að kjarnafærsla hafi tekið til fleiri tegunda liða (eða orða) í fornu máli en nú; hins vegar má hugsa sér að verkaskipting reglnanna hafi verið sú sama, en skilyrðið um frumlagseyðu hafi ekki gilt í fornu máli.

2.4 Boðháttur

Í nútímamáli er það alveg fast að sögn í boðhætti stendur fremst í setningu; enginn möguleiki er að hafa frumlagið á undan henni:

- (39) a. Far þú burt!
b. *Þú far burt!

Í fornu máli er meginreglan vissulega hin sama; en samt sem áður er nokkuð um boðháttarsetningar þar sem frumlagið fer á undan sögninni. Nokkur slík dæmi fara hér á eftir (sjá Eirík Rögnvaldsson 2000):

- (40)
- en **þú tak** við eftirmálum um þræla mína. (*Eyrbyggja saga*, s. 575)
 - en **þú mæl** eftir þræla mína. (*Eyrbyggja saga*, s. 575)
 - En **þú lát** sem þú vitir eigi (*Íslendinga saga*, s. 247)
 - Þenna grip vil eg hafa til míns bús en **þú haf** annað fé í móti. (*Þorsteins saga Síðu-Hallssonar*, s. 2063)
 - En **þú kom** til mín Hrafn þá er þér líkar og tími er til. (*Hrafns saga Sveinbjarnarsonar*, s. 2160)

Það er athyglisvert að í öllum þeim dæmum þar sem frumlag fer á undan boðháttarsögn fer tengingin *en* á undan; og reyndar er meirihluti þeirra boðháttarsetninga sem hefjast á *en* á annað borð með sögnina í fyrsta sæti. Hér að framan var bent á að venjulega er FS-röð á eftir *en*, og það var tengt því að það sem fer á eftir *en* eru venjulega „óviðbúnar upplýsingar“ í einhverjum skilningi. Í öllum þeim setningum þar sem frumlag fer næst á eftir *en* í boðháttarsetningu er það frumlag annað en í setningunni á undan. Því má e.t.v. segja sem svo að hér togist á tvær tilhneigingar; annars vegar tilhneiging til að hafa „óviðbúið“ frumlag fremst, og hins vegar sú að hafa boðháttarsögn fremst. Annaðhvort frumlagið eða sögnin verður að víkja, og e.t.v. má hugsa sér að hlutfallslegur styrkur þessara tilhneiginga hafi breyst frá því í fornu máli. En þetta þarfnast nánari rannsóknar.

Annar munur á stöðu boðháttarsagna í fornislensku og nútímamáli felst í því að boðháttarsagnir koma fyrir í aukasetningum í fornu máli, en engin dæmi slíks eru í nútímamáli:

- (41)
- að **þú far** sem bráðast frá skipi. (*Brennu-Njáls saga*, s. 223)
 - að **þú finn** Helga Ásbjarnarson. (*Droplaugarsona saga*, s. 356)
 - að **þú seg** mér til Gísla. (*Gísla saga Súrssonar*, s. 890)
 - að **þú gakk** á hólum við mig á morgun. (*Kjalnesinga saga*, s. 1450)
 - að **þú ver** með mér þar til er lýkur málum þessum á nokkurn hátt. (*Eyrbyggja saga*, s. 557)

Vegna þess að í samsvarandi nútímamálssetningum væri yfirleitt notaður viðtengingarháttur mætti láta sér detta í hug að hér væri í raun um einhvers konar „afbrigðilegan“ viðtengingarhátt að ræða, en alls ekki boðhátt. Sögnin *vera* hefur hins vegar annan stofn í boðhætti en viðtengingarhætti, ein sagna; og í (41e) er greinilegt að boðháttarstofninn er notaður, en ekki viðtengingarháttarstofninn (*sé*).

Í öllum dæmum um boðhátt í aukasetningum er frumlagið á undan sögninni, öfugt við það sem ævinlega er í boðhætti í nútímamáli; að þessu leyti svipar þessu til boðháttar á eftir *en*, sem rætt var um hér frammar.

E.t.v. má tengja þetta tvennt saman. Væntanlega má gera ráð fyrir að þegar boðháttarsögn er í fyrsta sæti sitji hún í T (tengibás). Ef við hugsum okkur að FS-röðin á eftir *en* sýni að í fornu máli hafi boðháttarsögn ekki gert skýlausa kröfu um færslu í T, þá verður skiljanlegt að boðháttur er hugsanlegur í aukasetningum — en aðeins með FS-röð, því að aukatengingin situr í T svo að sögnin getur ekki færst þangað. Þegar boðháttarsögnin fer svo að krefjast færslu í T (en óvíst er hvenær það

var) hverfur boðhátur í aukasetningum sjálfkrafa, því að færsla í T er þar útilokuð, eins og áður segir.

3. Orðaröð í sagnlið

3.1 Tilbrigði í orðaröð á eftir persónuháttarsögn

Þótt reglur um upphaf setninga séu í grundvallaratriðum svipaðar í fornu máli og nútímamáli, eins og hér hefur verið nefnt, gegnir öðru máli þegar skoðaðar eru setningar með ýmiss konar sagnasamböndum. Í fornu máli má bæði finna setningar eins og (42a) og (42b):

- (42) a. Lýtingur af Sámsstöðum mun [s] **hafa** *vegið* hann og bræður hans]. (*Brennu-Njáls saga*, s. 243)
b. En ekki mun eg [s] þenna mann *séð* **hafa**]. (*Laxdæla saga*, s. 1632)

Þessar setningar eiga það sameiginlegt að auk sagnar í persónuhætti hefur hvor þeirra að geyma tvær sagnir í fallhætti, þ.e. nafnhætti eða lýsingarhætti þátíðar. Önnur þessara sagna er hjálparsögn (*hafa*), en hin aðalsögn (*vega*, *sjá*); og aðalsagnirnar eru áhrifssagnir, taka með sér andlag. Til hægðarauka eru hjálparsagnirnar auðkenndar með feitu lettri, aðalsagnirnar með skáletri, en andlögin eru undirstrikuð.

Í fyrra dæminu er orðaröðin rétt eins og í eðlilegu nútímamáli; aðalsögnin kemur á eftir hjálparsögninni, og andlagið þar á eftir. Allar sagnir í setningunni taka því fylliliði sína á eftir sér. Þetta er oft kölluð „hrein SA-röð“ (SA = sögn – andlag), og í eðlilegu nútímamáli er tæpast hægt að raða þessum liðum á annan veg. Þessu er þveröfugt farið í (42b), þar sem röð liðanna er spegilmynd af röðinni í (42a); andlagið fyrst, síðan aðalsögnin, og loks hjálparsögnin, enda er þessi röð oft kölluð „hrein AS-röð“. Þá verður reyndar að athuga að fyrsta sögn setningarinnar, sú sem er í persónuhætti, er undanskilin; hún fer aldrei aftar en í annað sæti eins og áður er sagt. Ef setningin hefði algerlega „hreina“ AS-röð væri (42b) **En ekki eg þenna mann séð hafa mun*. AS-röð í fornmáli tekur því aðeins til sagnliða, en ekki til setningarinnar í heild.

3.2 Mismunandi staða persónuhátta og fallhátta

Hér hefur verið gert ráð fyrir því að sögn í persónuhætti sé jafnan færð inn í haus beygingarliðar (BL) í nútímamáli, og sama regla virðist hafa gilt að fornu. En öðru máli gegnir um sagnir í fallhátum. Ekki er gert ráð fyrir neinni færslu þeirra í nútímamáli, heldur talið að þær standi á undan fylliliðum sínum vegna þess að þar séu þær upprunnar. Nútímaíslenska er sem sagt talin til þeirra mála þar sem höfuð setningarliðar stendur á undan fyllilið (e. *head-initial*). Öðru máli gegnir um t.d. þýsku. Þar er orðaröðin sú sama og í íslensku í aðalsetningum án hjálparsagna, eins og (43a). Sé sögn í persónuhætti í aðalsetningunni stendur hún í öðru sæti, eins og í (43b), en fallháttarsagnir taka fylliliði sína á undan sér. Í aukasetningum eins og (43c) tekur hjálparsögnin fyllilið sinn, sagnliðinn, líka á undan sér (hausar feitletraðir þar sem ástæða þykir til):

- (43) a. Er las das Buch.
b. Er hat [sL das Buch **gelesen**].
c. Ich weiß, [TL **daß** er [BL [sL das buch **gelesen**] **hat**]].

Þetta má skýra með því að í aðalsetningum sé persónuháttarsögn færð áfram úr BL í TL, og í þýsku hafi TL hausinn á undan fylliliðnum (BL) í grunngerð en BL og SL hafi hausinn aftast. Í (43a-b) er persónuháttarsögnin færð í höfuð TL og lendir því á undan fylliliðnum, en fallháttarsögnin í (43b) er kyrr á sínum stað aftan andlagsins. Í (43c) situr aukatengingin *daß* í höfði TL og persónuháttarsögnin situr kyrr aftan sagnliðarins.

Í forníslensku eru setningar á við (43b) algengar, eins og hér hefur komið fram. Það má skýra á sama hátt og í þýsku, þ.e. með því að segja að höfuð sagnliðarins standi aftan fylliliðar. Röðin í (43c) kemur hins vegar ekki fyrir í forníslensku. Hugsanleg skýring er sú að í forníslensku hafi aðeins SL haft höfuðið aftast, en í þýsku bæði SL og BL. Í forníslensku þurfti sögnin því ekki að færast í TL til að komast fram fyrir sagnliðinn; nóg var að hún færðist í BL.

Ef röðin í (42b) væri skyldubundin í forníslensku, eins og hún er í þýsku, væri einboðið að nota þessa skýringu. En því fer fjarri að svo sé. Auk „hreinna“ SA- og AS-raða eins og í (42) er þar mikið um „blandaðar“ raðir, eins og setningarnar í (44a-b), þar sem hjálparsögnin treður sér milli aðalsagnarinnar og andlagsins:

- (44) a. Þorgils hafði [_{SL} *gefin verið öxi góð*]. (*Þorgils saga og Hafliða*, s. 25)
b. Þykir mér þeir [_{SL} *illan mann hafa til fengið*]. (*Harðar saga og Hólmverja*, s. 1289)

Í (44a) hefur *vera* höfuðorð fylliliðar síns, aðalsögnina *gefa*, á undan sér, eins og um AS-röð væri að ræða; en fylliliður þessarar sömu aðalsagnar, andlagið *öxi góð*, er aftast í sagnliðnum, eins og í SA-röð. Í (44b) tekur hjálparsögnin *hafa* höfuðorð fylliliðar síns, aðalsögnina *fá*, næst á eftir sér, eins og í SA-röð; en andlag aðalsagnarinnar kemur hins vegar á undan báðum fallháttarsögnunum.

3.3 Sagnir sem taka AS-röð

Eins og fram hefur komið taka sagnir í persónuhætti ævinlega fylliliði sína á eftir sér í fornu máli; því þarf a.m.k. eina sögn í fallhætti til að þessi tilbrigði geti komið fram. Slík dæmi geta verið af ýmsum toga. Einföldust og algengust eru dæmi með einhverri þeirra sagna sem venja er að kalla hjálparsagnir; *munu*, *skulu*, *hafa*, *vera*, *verða*. Þannig fáum við dæmi eins og þessi:

- (45) a. Eg **mun** [*það gera*]. (*Ljósvetninga saga*, s. 1661)
b. (að) Gellir **mun** [*kominn vera*]. (*Króka-Refs saga*, s. 1519)
c. (Og er) hann **hefir** [*það gert*]. (*Gísla saga Súrssonar*, s. 889)
d. (að) Grettir **hafi** [*sterkastur verið á landinu*]. (*Grettis saga Ásmundarsonar*, s. 1043)
e. Hún **var** [*honum gefin*]. (*Víga-Glúms saga*, s. 1911)
f. (að) hann **var** [*á land kominn*]. (*Grettis saga Ásmundarsonar*, s. 1090)

En einnig koma sagnir fram í nafnhætti í fylliliðum ýmissa sagna, s.s. núþálegra sagna, sagna eins og *segja*, *biðja*, *þykja* og margra fleiri; og þar getur fylliliðurinn einnig komið á undan sögninni:

- (46) a. (ef) eg **má** eigi [*honum hjálpa*]. (*Flóamanna saga*, s. 769)

- b. Ekki **vil** eg þar [um tala]. (*Bandamanna saga*, s. 16)
- c. Eigi **vil** eg [út ganga]. (*Brennu-Njáls saga*, s. 281)
- d. Hún **segir** hann [heima vera]. (*Fóstbræðra saga*, s. 804)
- e. Húskarl **bað** hann [þetta þiggja]. (*Bjarnar saga Hitdælakappa*, s. 109)
- f. (að) honum **þótti** [tvísýnt verið hafa]. (*Finnboga saga ramma*, s. 668)

Flestar tegundir fylliliða sem sagnir taka á annað borð geta komið á undan sögninni í fornu máli; hér að framan má finna dæmi um andlög (45a,c,e) og (46a,e); lýsingarorðssagnfyllingar (45d) og (46f); forsetningarliði (45f); atviksliði (46d); aðrar fallháttarsagnir (45b) og (46f); forsetningar (46b); og agnir (46c). Einu fylliliðirnir sem aldrei standa á undan sögn eru aukasetningar. Þótt báðar raðir komi fyrir með t.d. fornafnsandlagi, eins og í (47), verður aukasetning sem er fylliliður ævinlega að fara á eftir sögninni; dæmi á við (48b) koma aldrei fyrir. Benda má á að hið sama gildir í þýsku og hollensku, sem annars eru AS-mál.

- (47) a. **Var** Þorgrími [sagt þetta]. (*Flóamanna saga*, s. 735)
- b. **Var** konungi [þetta sagt]. (*Ólafs saga Tryggvasonar*, s. 223)
- (48) a. **Var** konungi þá [sagt [TL að Erlingur Skjálgsson hafði liðsafnað mikinn á Jaðri ...]]. (*Ólafs saga helga*, s. 481)
- b. ***Var** konungi þá [[TL að Erlingur Skjálgsson hafði liðsafnað mikinn á Jaðri] sagt].

Hér má líka minna á að frumlagssetningar standa ógjarna í frumlagssæti og geta alls ekki farið næst á eftir persónubeygðri sögn í beinum *já-/nei*-spurningum (sjá t.d. 14.5.3).

3.4 Mynstur í sagnlið

Þau orðaraðartilbrigði sem fyrir koma í sagnliðnum í fornu máli eru í raun furðu mörg og fjölbreytt; í fljótu bragði gæti manni virst að allar hugsanlegar orðaraðir kæmu þar fyrir. Hér á eftir eru sýnd dæmi um þær raðir sagna og andlaga sem fundist hafa í fornum textum. Enginn munur virðist vera á orðaröð aðal- og aukasetninga í fornu máli, og því eru dæmi hér tekin úr báðum tegundum án þess að greint sé sérstaklega á milli. Þótt hér sé aðeins tekið tillit til sagna og andlaga verður einnig að hafa í huga að ýmiss konar atviksliðir og forsetningarliðir (og fleira) geta staðið á ýmsum stöðum milli þessara liða.

- (49) Setningar með einni sögn í fallhætti og einu andlagi:
 - a. Eg mun þiggja hrossin. (*Víga-Glúms saga*, s. 1927)
 - b. Faðir minn mun því ráða. (*Víglundar saga*, s. 1976)
- (50) Setningar með einni sögn í fallhætti og tveim andlögum:
 - a. Jarlinn hafði gefið honum skipið. (*Íslendinga saga*, s. 263)
 - b. og muntu henni gefa moturinn. (*Laxdæla saga*, s. 1602)
 - c. að hann hefir líf gefið barninu. (*Harðar saga og Hólmverja*, s. 1259)
 - d. því að þú hefir mér líf gefið. (*Gísla saga Súrssonar*, s. 938)

- (51) Setningar með tveim sögnum í fallhætti og einu andlagi:
- að sárið mundi hafa grandað honum. (*Bandamanna saga*, s. 25)
 - Nú munu þær eigi hafa því unað. (*Þiðranda þáttur*, s. 2255)
 - og hann mundi tekið hafa hross þeirra. (*Vatnsdæla saga*, s. 1903)
 - og kvaðst það hafa gert til yfirbóta við hana. (*Bjarnar saga Hítðlakappa*, s. 88)
 - og kvaðst enginn maður þetta gera vilja. (*Hrafnkels saga Freysgoða*, s. 1407)
- (52) Setningar með tveim sögnum í fallhætti og tveim andlögum:
- en Eyjólfur kvaðst hafa gefið Bjarna sauðina. (*Reykðæla saga*, s. 1769)
 - en kveðst segja honum mundu fyrstum tíðindin. (*Brennu-Njáls saga*, s. 339)
 - Gísli kveðst aldrei mundu Kolbeini eiða sverja. (*Þórðar saga kakala*, s. 460)
 - Ófeigur kveðst ekki mundu mikla tillögu veita honum. (*Bandamanna saga*, s. 26)
 - en hann mundi fengið hafa henni mikinn áverka. (*Grettis saga Ásmundarsonar*, s. 1006)
 - Ásbjörn lést honum mundu gefa fê til. (*Hákonar saga herðibreiðs*, s. 808)
 - hví Bolli mun sér hafa þar svo staðar leitað. (*Laxdæla saga*, s. 1613)
 - Hallbjörn kveðst enn hverjum manni veitt hafa búðarrúm. (*Gísla saga Súrssonar*, s. 940)
 - Bárður kvaðst honum engi mundu segja. (*Króka-Refs saga*, s. 1528)
 - að þessi maður mundi honum sanna hluti sagt hafa. (*Ólafs saga Tryggvasonar*, s. 179)
 - Þykist eg nú það hafa launað þér. (*Grettis saga Ásmundarsonar*, s. 1042)
 - Hann kveðst fyrir löngu það hafa honum spáð. (*Finnboga saga ramma*, s. 634)

Þetta eru alls 23 tilbrigði, og hafið í huga að í nútímaíslensku eru aðeins fjögur þeirra, þ.e. a-setningarnar, tæk. Manni gæti sýnst í fljótu bragði að orðaröð í sagnlið hefði verið fullkomlega frjáls að fornu; á eftir sögn í persónuhætti geti liðirnir staðið í hvaða röð sem er. Þegar betur er að gáð kemur þó í ljós að frelsið er ekki algjört; a.m.k. finnast ekki dæmi um alla hugsanlega möguleika. Þetta má sjá í (53)-(56), þar sem sett eru upp þau mynstur sem hugsanleg eru, og hver þeirra koma í raun og veru fyrir. Í dæmunum eru notaðar eftirfarandi styttingar: X = einhver ótiltekinn liður; So_{ph} = sögn í persónuhætti; So_{hj} = hjálparsögn (í nh. eða lh.þt.); $So_{aðal}$ = aðalsögn (í nh. eða lh.þt.); NL_{ba} = (beint) andlag; $NL_{ób}$ = óbeint andlag.

- (53) Setningar með einni sögn í fallhætti og einu andlagi:
- (X) - So_{ph} - $So_{aðal}$ - NL_{ba}
 - (X) - So_{ph} - NL_{ba} - $So_{aðal}$
- (54) Setningar með einni sögn í fallhætti og tveim andlögum:
- (X) - So_{ph} - $So_{aðal}$ - $NL_{óa}$ - NL_{ba}
 - (X) - So_{ph} - $NL_{óa}$ - $So_{aðal}$ - NL_{ba}

- c. (X) - S_{oph} - NL_{ba} - S_{o_aðal} - NL_{ó_a}
- d. (X) - S_{oph} - NL_{ó_a} - NL_{ba} - S_{o_aðal}

(55) Setningar með tveim sögnum í fallhætti og einu andlagi:

- a. (X) - S_{oph} - S_{ohj} - S_{o_aðal} - NL_{ba}
- b. (X) - S_{oph} - S_{ohj} - NL_{ba} - S_{o_aðal}
- c. (X) - S_{oph} - S_{o_aðal} - S_{ohj} - NL_{ba}
- d. (X) - S_{oph} - NL_{ba} - S_{ohj} - S_{o_aðal}
- e. (X) - S_{oph} - NL_{ba} - S_{o_aðal} - S_{ohj}
- f. * (X) - S_{oph} - S_{o_aðal} - NL_{ba} - S_{ohj}

(56) Setningar með tveim sögnum í fallhætti og tveim andlögum:

- a. (X) - S_{oph} - S_{ohj} - S_{o_aðal} - NL_{ó_a} - NL_{ba}
- b. (X) - S_{oph} - S_{ohj} - NL_{ó_a} - S_{o_aðal} - NL_{ba}
- c. (X) - S_{oph} - S_{ohj} - NL_{ó_a} - NL_{ba} - S_{o_aðal}
- d. (X) - S_{oph} - S_{ohj} - NL_{ba} - S_{o_aðal} - NL_{ó_a}
- e. (X) - S_{oph} - S_{o_aðal} - S_{ohj} - NL_{ó_a} - NL_{ba}
- f. (X) - S_{oph} - NL_{ó_a} - S_{ohj} - S_{o_aðal} - NL_{ba}
- g. (X) - S_{oph} - NL_{ó_a} - S_{ohj} - NL_{ba} - S_{o_aðal}
- h. (X) - S_{oph} - NL_{ó_a} - S_{o_aðal} - S_{ohj} - NL_{ba}
- i. (X) - S_{oph} - NL_{ó_a} - NL_{ba} - S_{ohj} - S_{o_aðal}
- j. (X) - S_{oph} - NL_{ó_a} - NL_{ba} - S_{o_aðal} - S_{ohj}
- k. (X) - S_{oph} - NL_{ba} - S_{ohj} - S_{o_aðal} - NL_{ó_a}
- l. (X) - S_{oph} - NL_{ba} - S_{ohj} - NL_{ó_a} - S_{o_aðal}
- m. * (X) - S_{oph} - NL_{ba} - S_{o_aðal} - S_{ohj} - NL_{ó_a}
- n. * (X) - S_{oph} - S_{o_aðal} - NL_{ó_a} - S_{ohj} - NL_{ba}
- o. * (X) - S_{oph} - S_{o_aðal} - NL_{ó_a} - NL_{ba} - S_{ohj}
- p. * (X) - S_{oph} - S_{o_aðal} - NL_{ba} - S_{ohj} - NL_{ó_a}
- q. * (X) - S_{oph} - NL_{ó_a} - S_{o_aðal} - NL_{ba} - S_{ohj}
- r. * (X) - S_{oph} - NL_{ba} - S_{o_aðal} - NL_{ó_a} - S_{ohj}

Hér eru stjörnumerkt þau mynstur sem ekki hafa fundist dæmi um í því textasafni sem leitað hefur verið í. Eins og þessi dæmi sýna koma flest hugsanleg mynstur fyrir, þótt vitanlega séu þau misáberandi; sum eru mjög algeng, en önnur afar sjaldgæf. Bæði mynstrin í (53) eru mjög algeng. (54a) er algengt, en önnur mynstur í (54) eru sjaldgæf. (55a), (55c) og (55e) eru algeng, en (55b) og (55d) eru sjaldgæf. Flest mynstrin í (56) eru sjaldgæf, enda eru setningar með tveimur fallháttarsögnum og tveimur andlögum ekki margar. Það er þó ljóst að (56a) er algengasta mynstrið, og (56h-j) virðast líka vera tiltölulega algeng, en hin mynstrin sem fyrir koma eru öll mjög sjaldgæf.

3.5 Skýringar á breytileikanum

Þrjár leiðir eru hugsanlegar til að gera grein fyrir þeim tilbrigðum sem koma fyrir í sagnliðnum í fornu máli (Halldór Ármann Sigurðsson 1988):

- (57) a. Með AS-grunnröð, og færslum (nafnliða og sagna í fallháttum) til hægri.
- b. Með SA-grunnröð, og færslum (fornafna og sagna í fallháttum) til vinstri.
- c. Með tveimur hugsanlegum grunnröðum; vali milli AS og SA.

Enginn hefur haldið (57a) fram sem raunhæfum möguleika til skýringar á öllum tilbrigðum. Hins vegar hafa verið færð ýmis rök fyrir bæði (57b) (Halldór Ármann Sigurðsson 1988, Þorbjörg Hróarsdóttir 2001) og (57c) (Kossuth 1978, Halldór Ármann Sigurðsson 1994, Eiríkur Rögnvaldsson 1994–95, 1996, Þorbjörg Hróarsdóttir 1998). Sé síðarnefndi kosturinn valinn verður þó einnig að gera ráð fyrir einhverjum færslum (til hægri eða vinstri) til að gera grein fyrir blönduðum mynstrum.

Hér er ekki unnt að meta í smáatriðum þau rök sem færð hafa verið fyrir ólíkum greiningum. Þó er rétt að athuga að mynstrin eru mjög misalgeng, eins og áður er komið fram. Algengustu mynstrin eru þau sem sýnd eru í (58).

- (58)
- a. Eg mun þiggja hrossin. (*Víga-Glúms saga*, s. 1927)
 - b. Jarlinn hafði gefið honum skipið. (*Íslendinga saga*, s. 263)
 - c. að sárið mundi hafa grandað honum. (*Bandamanna saga*, s. 25)
 - d. Faðir minn mun því ráða. (*Víglundar saga*, s. 1976)
 - e. og kvaðst enginn maður þetta gera vilja. (*Hrafnkels saga Freysgoða*, s. 1407)
 - f. og hann mundi tekið hafa hross þeirra. (*Vatnsdæla saga*, s. 1903)

Það er að segja; mynstur þar sem röð allra hausa og fylliliða er annaðhvort SA eins og í nútímamáli (58a-c) eða spegilmynd af því, AS (58d-e), svo og eitt hinna blönduðu mynstra, það sem sýnt er í (58f) (þó aðeins ef andlagið er „fullkominn“ nafnliður en ekki fornafn). Tíðni hreinu SA- og AS-mynstranna má skýra með því að segja að þau samræmist þeim tveim grunngerðum sem hafi verið til í málinu. Tíðni blandaða mynstursins í (58f) má skýra með því að segja að þar sé grunngerðin AS, en andlagið (*hross þeirra*) hafi verið flutt til hægri. Slíkar hægri færslur liða sem fela í sér nýjar upplýsingar eru algengar hvort eð er, einnig í nútímamáli (sjá t.d. Eirík Rögnvaldsson 1990a); frumlögum er t.d. oft "frestað":

- (59)
- a. Atli hleypur upp á skip að Hrúti og ryðst um fast og nú snýr í mót honum **Össur** og lagði til hans. (*Brennu-Njáls saga*, s. 130)
 - b. Þetta bænahald var vanur að hafa **Guðmundur biskup** þá er hann lifði. (*Íslendinga saga*, s. 387)
 - c. En þenna mann hafði sent Sturla Sighvatsson. (*Íslendinga saga*, s. 389)

Það styrkir þessa skýringu að mynstur eins og (58f) þar sem andlagið væri fornafn en ekki fullur nafnliður koma nánast ekki fyrir í fornu máli. Fornöfn eru nefnilega aldrei færð til hægri á þennan hátt.

3.6 Hvarf AS-raðar

Þótt öll dæmin hér að framan hafi verið tekin úr *Íslendingasögum* og öðrum frásagnartextum úr fornu máli fer því fjarri að þessi orðaraðartilbrigði séu einskorðuð við fornmaal. Setningar sem sýna einhver AS-einkenni, þ.e. þar sem einhverjir fylliliðir sagnar koma á undan henni, héldust í málinu í margar aldir. Hlutfall slíkra setninga virðist haldast mjög svipað allt frá elstu textum fram á seinni hluta 18. aldar; nær alltaf á bilinu 30-50% eftir textum. Helstu frávikin er að finna í textum frá tveggja alda bili, frá því um miðja 16. öld til miðrar 18. aldar; þar fer AS-hlutfallið um og yfir 60%. Það þarf í sjálfu sér ekki að koma á óvart; það hefur löngum verið talið að á þessum árum gætti

erlendra áhrifa, ekki síst lágbýskra, á ritmálið einna mest. Vegna þess að þýska hefur AS-röð í sagnlið mætti búast við aukningu þeirrar orðaraðar í íslensku á þessum tíma.

Þetta á þó ekki við nema um suma texta frá þessu tímabili; og leggja verður áherslu á að ef um slík áhrif er að ræða hér felast þau í styrkingu orðaraðar sem fyrir var í málinu, en ekki uppkomu nýrrar. Öðru máli gegnir um annað einkenni á mörgum textum frá þessum tíma; setningar þar sem sögn **í persónuhætti** stendur aftast í aukasetningum, á eftir fylliliðum sínum (sjá t.d. Jakob Jóh. Smára 1920). Það er aftur á móti málbreyting, því að þar er um að ræða setningagerð sem ekki var fyrir í málinu.

Það er ekki fyrr en á 19. öld sem AS-einkenni taka að dvína að ráði, og þá hverfa þau að mestu á tiltölulega stuttum tíma (sjá Þorbjörgu Hróarsdóttur 1998, 2001). Þeirra gætir yfirleitt lítið sem ekkert í ritum manna sem fæddir eru eftir aldamótin 1800, og þau eru því nokkurn veginn horfin úr ritmáli um miðja öldina. Þessar tvær raðir, AS og SA, lifa því hlið við hlið í sagnliðnum í a.m.k. sjö aldir.

4. Nafnliðaeyður

4.1 Frumlagseyður

Í fornu máli er miklu meira um ýmiss konar „eyður“ eða „núlliði“ eða „ósagða liði“, þ.e. nafnliði án hljóðforms (oft kallaðir *pro* á ensku) í setningum en nú. Slíkir liðir eru algengastir í hliðskipuðum setningum þar sem frumlagið hefur sömu tilvísun. Þá er frumlagið seinni setningarinnar yfirleitt sleppt, eins og í eftirfarandi dæmum (sbr. 7.2.3 og 7.8):

- (60) *Frumlagsnúlliðir í aðalsetningum með frumlag sem undanfara:*
- Gunnar_i ríður til þings og ___i sá að eigi var gott orðum við hana að koma. (*Brennu-Njáls saga*, s. 164)
 - Skalla-Grímur_i ruddi framstafninn og ___i drap Sigtrygg. (*Egils saga Skallagrímssonar*, s. 400)
 - Og nú sér hann_i hesta marga en ___i vissi ekki von mannaferða. (*Reykdale saga*, s. 1750)
 - Fór jarl_i í víking og ___i kom aftur að hausti. (*Ólafs saga helga*, s. 365)
 - Veitti hann_i Knúti konungi orðafullting allt það er hann kunn_i en ___i var hinn mesti óvinur Ólafs konungs. (*Ólafs saga helga*, s. 523)

Setningar af þessu tagi eru jafnalgengar og eðlilegar nú og að fornu, en þetta má heita eina setningagerðin þar sem núlliðir koma fyrir í nútímamáli. Í fornu máli koma hins vegar einnig fyrir ýmsar aðrar tegundir núlliða sem flestar eru með öllu horfnar úr málinu. Hér á eftir verða sýnd dæmi um ýmsar þessara tegunda; mörg þeirra eru tekin úr ritgerð Þóru Bjarkar Hjartardóttur (1993). Fyrst eru dæmi um frumlagsnúlliði með mismunandi undanfara. Í (61a-b) stendur núlliðurinn í aðalsetningu og hefur andlag sem undanfara í (61a), eignarfallseinkunn í (61b). Í (61c) er núlliðurinn í fallsetningu með frumlag móðursetningar sem undanfara. Í (61d-e) er núlliðurinn svo í atvikssetningu, með frumlag sem undanfara í (61d) en fallorð forsetningar í (61e).

- (61) a. Þá hljóp Egill að Grími og rak exina_i í höfuð honum svo að þegar stóð ___i í heila. (*Egils saga Skallagrímssonar*, s. 415)
- b. Og er þeir vissu ætt hans_i góða en ___i var vinsæll sjálfur þá hætta þeir til þess að eiga að honum. (*Bandamanna saga*, s. 1)

- c. og var blánaður annar eggteinninn; og sögðum við Bárður að ___i dignað mundi hafa. (*Brennu-Njáls saga*, s. 283)
- d. Skeggið var svo sítt að ___i lá í knjám honum og breiddist um alla bringuna. (*Ólafs saga helga*, s. 329)
- e. hann vó svo skjótt með sverði, að þrjú ___i þóttu á lofti að sjá. (*Brennu-Njáls saga*, s. 147)

Eins og þessi dæmi sýna er dreifing frumlagsnúlliða mjög fjölbreytileg. Þóra Björk Hjartardóttir, sem ítarlegast hefur kannað þetta efni, kemst að eftirfarandi niðurstöðu (1993:53): „Núlliðir fyrir frumlög eru alltaf leyfilegir ef þeir eiga sér samvísandi undanfara og skiptir þá setningaleg staða hans ekki máli.“ Eins og rakið er í þeim köflum sem vísað var til hér á undan er frumlag ekki fellt niður í nútímamáli í setningum á við þessar nema það sé samvísandi við frumlag í fyrri setningu. Samvísun við lið með annað setningarhlutverk dugir ekki.

4.2 Eyður án undanfara

Það er þó ekki svo að allir núlliðir í fornu máli eigi sér samvísandi undanfara. Hægt er að greina sundur tvær tegundir núlliða þar sem svo er ekki. Annars vegar eru núlliðir sem eiga sér undanfara í textanum, en vísa þó ekki til neins eins nafnliðar, sbr. (62a). Hins vegar eru núlliðir sem eiga sér alls engan samvísandi undanfara í textanum, heldur verður að ráða í merkingu þeirra út frá samhenginu, sbr. (62b):

- (62) a. Eitthvert sinn þá er Ólafur konungur hafði stefnu við lið sitt og við búendur og réðu __ landráðum. (*Ólafs saga helga*, s. 309)
- b. Egill stóð upp og þakkaði bónda og húsfreyju beina sinn og gengu __ síðan út. (*Egils saga Skallagrímssonar*, s. 467)

Í (62a) er sögn seinni hliðskipuðu setningarinnar í fleirtölu þótt enginn fleirtöluliður sé í undanfarandi hliðskipaðri setningu. Fleirtalan réttlætist af því að núllfrumlag seinni setningarinnar vísar til fleiri en eins liðar í þeirri fyrri (*Ólafur konungur*, lið sitt og *búendur*). Í (62b) er sögnin í seinni setningunni einnig í fleirtölu, en enginn fleirtöluliður í fyrri setningunni; og ekki er neinn annar liður í fyrri setningunni sem réttlætir fleirtölu sagnarinnar í þeirri seinni, ef svo má segja. Frumlag fyrri setningarinnar felst þó í núllfrumlagi þeirrar seinni, og gegnir því hlutverki að negla vísun hennar niður; fleirtöluna verður svo að túlka út frá undanfarandi texta. Það er athyglisvert að núlliðir af þessu tagi virðast aðeins koma fyrir í aðalsetningum skv. könnun Þóru Bjarkar Hjartardóttur (1993); engin dæmi finnast um þá í aukasetningum.

4.3 Andlags- og forsetningaeyður

Lítum nú á dæmi um núlliði í andlagssæti. Langoftast er slíka liði að finna í hliðskipuðum setningum þar sem þeir vísa til andlags undanfarandi setningar:

- (63) Andlagsnúlliðir í hliðskipuðum setningum með andlag sem undanfara:
 - a. Jók hann; ríki; Svía en ___i varði ___i harðfenglega. (*Ólafs saga helga*, s. 331)

- b. Hann_i brá við skjaldarbrotinu_j og ____i drepur ____j undir höggið. (*Finnboga saga ramma*, s. 649)

Sumum málnotendum finnst setningar af þessu tagi tækar í nútímamáli (sjá Eirík Rögnvaldsson 1990b). Þær virðast bæði að fornu og nýju háðar því skilyrði að frumlag seinni setningarinnar sé einnig núllliður, eins og dæmin í (63) sýna (sjá t.d. 7.8). En líkt og með frumlagsnúllliðina eru ýmis önnur afbrigði til í fornu máli. Í (64a) stendur núllliðurinn í fallsetningu og hefur andlag sem undanfara; í (64b-d) er núllliðurinn í atvikssetningu og andlag undanfari í (64b), frumlag í (64c) og fallorð forsetningar í (64d):

- (64) a. Þá frétti Þorgeir Þorgerði hversu langt frá því væri er hún fæddi barn_i. Hún kvað liðið hafa tólf vetur. Hann spyr hvort hún léti ____i út bera. (*Finnboga saga ramma*, s. 629)
- b. og unni eg svo mikið sveininu_i að eg vildi ____j gjarna hafa upp fætt. (*Finnboga saga ramma*, s. 630)
- c. hún_i var svo stór að akurkarl einn mundi eigi lyft ____j fá af jörðu. (*Sigurðar saga þögla*, s. 208)
- d. og kom í skjöldinn_i og klýfur ____j allan að endilöngu. (*Viktors saga og Blávus*, s. 26)

Andlagsnúllliðir eru því mjög fjölbreyttir í fornu máli eins og frumlagsnúllliðir; virðast raunar geta átt undanfara í hvaða stöðu sem er, skv. niðurstöðu Þóru Bjarkar Hjartardóttur (1993). Á hinn bóginn eru þess engin dæmi að andlagsnúllliðir séu án samvísandi undanfara. Að því leyti greinast þeir frá frumlagsnúllliðum, eins og áður er komið fram.

Fjöldi dæma er einnig um núllliði á eftir forsetningum. Eins og í dæmunum hér að framan getur undanfarinn haft mismunandi setningarlegt hlutverk; staðið í forsetningarlið í (65a), í andlagssæti í (65b) og í frumlagssæti í (65c):

- (65) a. Hann hafði haft sverð brugðið undir hendi sér og hjó til manns og kom í skjöldinn_i og af ____j sporðinn og fótinn af mannum. (*Brennu-Njáls saga*, s. 280)
- b. Brynjólfur hét maður á Kjalarnesi er það dreymdi að hann sá mann_i mikinn og var höggvinn af ____j hnakkinn og á hálsinn. (*Íslendinga saga*, s. 410)
- c. og varð hún_i eigi manni gefin meðan faðir hennar og móðir átti fyrir ____j að sjá. (*Sigurðar saga þögla*, s. 101)

Hér sést að sama gildir og um forsetningar- og andlagsnúllliðina, að þeir geta átt undanfara í ýmsum setningafræðilegum stöðum; en þeir virðast þurfa samvísandi undanfara, rétt eins og andlagsnúllliðirnir.

4.4 Dreifing núllliða og hvarf þeirra

Þóra Björk Hjartardóttir (1993:72) bendir á líkingu forníslensku við ýmis mál sem hafa mikið af núllliðum, og segir:

Í þeim málum skiptir textinn og samhengið í honum oft meira máli en einhver bein setningaleg atriði. Þau eru sögð vera **textavísandi** (discourse-oriented) en ekki **setningavísandi** (sentence-oriented) [...]. Í þessu felst m.a. að reglum sem varða setningagerð má frekar finna stað í textasamhenginu, textareglur, en innan eða í gerð setningarinnar sjálftrar.

Meginniðurstöður sínar dregur Þóra svo saman á þennan hátt (1993:63):

- (66) a. Núllliði er að finna í stöðu frumlags, andlags með sögnum og andlags með forsetningum.
- b. Núllliðir geta staðið hvort sem er í aðal- eða aukasetningum, en þó voru dæmi um þá í fallsetningum fremur fátíð.
- c. Núllliðir eru ekki bundnir því að mállegur undanfari þeirra gegni sama setningalega hlutverki og þeir.
- d. Núllliðir í frumlagsstöðu eru mögulegir án nokkurs mállegs undanfara.
- e. Útbreiðsla og gerð núllliða bendir til þess að reglum um mál- eða textasamhengi hafi verið að einhverju leyti öðruvísi háttað í eldra máli en í nútímamáli.
- f. Núllliðir án undanfara virðast hafa verið leyfilegir í málinu fram undir 1700; einungis örfá stök dæmi fundust um slíka liði eftir þann tíma.
- g. Reglan um núllliði er að öðru leyti að mestu leyti óbreytt fram á 18. öld og í sumum atriðum, sem ekki leyfast í nútímamáli nema sem stílafrbrigði, jafnvel fram um 1800 og eitthvað fram á 19. öld.

Þorbjörg Hróarsdóttir (1998, 2001) hefur gert umfangsmiklar kannanir á tíðni núllliða í síðari alda textum, og staðfesta þær að mestu niðurstöður Þóru:

Helstu niðurstöður eru þær að eldri núllliðir virðast halda svipaðri tíðni og dreifingu að mestu frá 13. öld fram um 1800 [...]. Fyrstu skörpu skilin sýnast verða í máli þeirra sem fæddir eru um 1750–1770 og hverfa eldri núllliðir þá að mestu úr málinu á mjög skömmum tíma. Flestallar tegundir eldri núllliða virðast hverfa um svipað leyti, þótt frumlagseyður í aukasetningum sem vísa til frumlags í móðursetningu varðveiti tíðni sína betur út 19. öldina en aðrar tegundir, og lifi þar af leiðandi lengst (Þorbjörg Hróarsdóttir 1998:148).

5. Samantekt

Hér hafa verið tínd til milli 20 og 30 setningafræðileg atriði sem hafa breyst — eða haldið hefur verið fram að hafi breyst — frá fornu máli til nútímamáls, og nokkrum þeirra gerð ítarlegri skil. En það að átta sig á því að breyting hafi orðið frá einu málstigi til annars er bara fyrsta skrefið í málsögulegri greinargerð um breytinguna. Eftir er bæði að tímasetja breytinguna nákvæmar og skýra hana, og þá vandast málið iðulega.

Fáeinir breytingar eru tímasettar í umfjölluninni hér að framan, s.s. hvarf AS-orðaraðar og nafnliðaeyða (núllliða) og tilkoma leppsins *það*, en fæstar þær breytingar sem hér eru taldar hafa þó verið tímasettar nákvæmlega. Því veldur m.a. eðli heimildanna og erfiðleikar á túlkun þeirra, eins og dregið er á í inngangi. Þó er enginn vafi á því að með ítarlegri rannsóknnum mætti komast langt í að tímasetja flestar breytingarnar — misnákvæmlega þó eftir eðli þeirra.

Á hinn bóginn er mjög misjafnt hvort unnt er að finna skýringar á breytingunum. Sumar er vissulega hægt að skýra sem erlend áhrif, s.s. stöðu sagnar í persónuhætti aftast í setningum, og annað má skýra sem endurtúlkun formgerðar, s.s. ýmislegt í breytingum á sagnakerfinu. Margt hefur þó aldrei verið skýrt, eða skýringarnar byggjast á tilteknum fræðilegum forsendum sem ágreiningur getur verið um. Hér má t.d. vísa á mismunandi skýringar á hvarfi AS-raða hjá Eiríki Rögnvaldssyni (1994–95, 1996) og Þorbjörgu Hróarsdóttur (2001). Það er utan ramma þessarar umfjöllunar að fara í saumana á slíkum skýringum.

Meginniðurstaðan er þessi: Enda þótt fjölmargar setningafræðilegar breytingar hafi orðið í málinu hafa þær ekki breytt gerð þess í grundvallaratriðum. Ásamt stöðugu beygingarkerfi og íhaldssamri stafsetningu veldur þetta því að textar frá öllum tímum íslenskrar málsögu eru sæmilega aðgengilegir nútímalesendum.

Heimildir

Nær öll formálsdæmin eru tekin úr útgáfu Svarts á hvítu á *Íslendinga sögum* (1985–1986) og *Sturlunga sögu* (1988) og útgáfu Máls og menningar á *Heimskringlu* (1991). Einnig eru dæmi úr útgáfu Agnete Loth (1963) á *Sigurðar sögu þögla*, útgáfu Jónasar Kristjánssonar (1964) á *Viktors sögu og Blávus*, og útgáfu Hreins Benediktssonar (1972) á *Fyrstu málfraeðiritgerðinni*. Dæmi úr *Nýja testamentinu* eru tekin úr útgáfu Sigurbjörns Einarssonar, Guðrúnar Kvaran og Gunnlaugs Ingólfssonar (1988). Önnur dæmi frá síðari öldum eru úr ýmsum textum sem ástæðulaust er að tilgreina en aldur þeirra er oft tilfærður eins og gert er í ritmálsskrá Orðabókar Háskólans á netinu (*19f/m/s* merkir ‘fyrsti/mið/síðasti hluti 19. aldar’ o.s.frv.). Öll dæmi eru færð til nútímastafsetningar.